

Efni:

Um skort á geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn á grunnskólaaldri.

Sent til eftirtalinna aðila:

- Ráðherrar velferðarmála á Íslandi: Eygló Harðardóttir og Kristján Þór Júlíusson
- Ráðherra menntamála á Íslandi: Illugi Gunnarsson
- Stjórn heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu: Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri
- Bæjarráð Garðabæjar: Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Skólastjórnendur grunnskólanna í Garðabæ vilja með erindi þessu lýsa þungum áhyggjum af því að börn og unglingar á Íslandi hafi ekki nægan aðgang að þeirri geðheilbrigðisþjónustu sem þörf er á. Með erindi þessi tökum við undir áhyggjur sem birst hafa á Alþingi Íslendinga¹, í ábendingum geðheilbrigðisstarfsmanna² og almennri umræðu. Áhyggjur þessar eru vel dregnar saman í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga, annað og þriðja þjónustustig³.

Í grunnskólum verða stjórnendur og aðrir starfsmenn tilfinnanlega varir við það að erfitt er að fá viðeigandi heilbrigðisúrræði fyrir börn sem glíma við vanda á borð við kvíða, þunglyndi, félagsfælni, þráhyggju og aðrar geðraskanir. Börn og unglingar koma veikari en áður inn í skólana og greina má aukningu á langvarandi fjarvistum nemenda og jafnvel brottfalli úr grunnskóla vegna geðraskana.

Í grunnskólum Garðabæjar starfa öflugir starfsmenn: umsjónarkennarar, náms- og starfsráðgjafar, deildarstjórar og aðrir stjórnendur sem stilla sig saman um að mæta þörfum nemenda og skapa þeim gott námsumhverfi. Auk þess starfa skólarnir náið með sérfræðingum skóladeildar, fjölskyldusviði bæjarins og heilsugæslunni og eiga þessir aðilar fulltrúa í nemendaverndarráðum skólanna. Öllum brögðum er beitt til að eyða hindrunum í vinnslu mála sem oft þurfa fjölpætt úrræði. Þrátt fyrir þetta er ljóst að fárveikir nemendur koma inn í skólana daglega, þeir bíða vikum og mánuðum saman eftir þjónustu og úrræðum og í ákveðnum málum virðist stefnu- og/eða úrræðaleysi í kerfinu valda því að málín festast í fari sem illa gengur að leysa upp og laga.

Mestar áhyggjur eru af veikustu börnunum því þar upplifa starfsmenn skólanna að þekking þeirra og fagmennska dugi ekki til í vinnslu málsins. Þessi mynd rímar við þá niðurstöðu sem birt er í skýrslu Ríkisendurskoðunar en þar segir meðal annars:

Að mati Ríkisendurskoðunar er sá langi biðtími sem hefur einkennt geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga óviðunandi. Auk þess að ganga gegn lögbundnum skyldum ríkisins stefnir þessi bið bæði langtímahagsmunum þess og velferð

¹ Sjá t.d. þingsályktunartillögu sem lögð var fram vorið 2014 á Alþingi:

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0866.html>

² Bertrand Lauth. (2013). Grundvöllur að geðheilbrigði er lagður á uppvaxtarárunum. *Læknablaðið*, 99, bls. 58. Sótt á netið 2.3.2016: <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1593/PDF/u11.pdf>

³ Ríkisendurskoðun. (2016). *Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga, annað og þriðja þjónustustig*. Sótt á netið 2.3.2016: <http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/SU-Gedheil-born-unglinga.pdf>

borgaranna í tvísýnu. Ef ekki er tekið á markvissan hátt á geðheilsuvanda barna og unglunga um leið og hans verður vart aukast til muna líkur þess að þungbærar og langvarandi afleiðingar, jafnvel örorka, komi síðar fram.⁴

Það verður að vera forgangsmál að efla forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir til að fækka í þeim hópi barna og unglunga sem verður alvarlega veikur. Undirritaðir stjórnendur kalla sérstaklega eftir því að skimanir gagnvart þunglyndi og kvíða og viðeigandi úrræði í kjölfarið verði fest í sessi í grunnskólum. Sem dæmi má nefna að verkefnið *Hugur og heilsa*⁵ hefur skilað áhrifaríkum árangri, m.a. þegar það var starfrækt í unglingadeild Garðaskóla fyrir um áratug síðan.

Starfsmenn grunnskólanna í Garðabæ kalla eftir fræðslu og símenntunartækifærum til að geta brugðist betur við atvikum á borð við kvíðakast nemanda á skólatíma og langvarandi fjarvistir vegna þunglyndis. Kostnaður vegna þessa dreifist á starfsmenn og stofnanir en æskilegt væri að námskeið og ráðgjöf, t.d. á vegum Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins hefðu lægri verðmiða. Nemendur kalla eftir betri fræðslu um geðheilbrigði innan skólanna og biðja um að skólasamfélögin séu betur upplýst um einkenni geðraskana og hvernig best sé að bregðast við t.d. þegar bekkjarfélagi fær kvíðakast. Foreldrasamfélagið í Garðabæ ræðir vandann opinskátt og vorið 2015 hélt Grunnstoð Garðabæjar (samtök foreldrafélaga í bænum) fræðslufund um kvíða barna og unglunga sem sóttur var af yfir 400 gestum.

Stjórnendur grunnskólanna í Garðabæ halda þessum röddum í samfélaginu til haga og fylgja þeim eftir með þessu erindi. Hópurinn lýsir sig reiðubúinn til að leggja allt sitt af mörkum til að efla og bæta þá þjónustu sem þeim ber að sinna. Skólarnir eru allir aðilar að verkefninu Velferð barna og ungmenna í Garðabæ⁶ sem sýnir vel samtakamátt samfélagsins í Garðabæ og getu til góðra verka. En líta verður til þeirra þátta sem tilgreindir eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þar sem þeir varða stefnumótun, samhæfingu aðila og samstarf ríkis og sveitarfélaga er ljóst að skólarnir geta ekki einir lyft því grettistaki sem þörf er á. Nú eru fátæk börn og unglingar inni í daglegu skólastarfi sem þessir einstaklingar ráða illa við. Gott samfélag verður að bjóða þeim kost á að fá þá lækningu sem þeir þarfnast til að geta lifað hversdagslegu lífi og stundað þá menntun sem grunnskólum er ætlað að veita þeim.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Markús Njálsson og Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álfthanesskóla

Ólöf Sigurðardóttir og Helga María Guðmundsdóttir, Flataskóla

Brynhildur Sigurðardóttir og Ingibjörg Anna Arnarsdóttir, Garðaskóla

Margrét Harðardóttir og Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Hofstaðaskóla

Edda Björg Sigurðardóttir og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir, Sjólandsskóla

⁴ Sama rit, bls. 4.

⁵ Sjá t.d. frétt um viðurkenningu sem verkefnið hlaut hjá Seltjarnarnesbæ árið 2006:

<http://www.seltjarnarnes.is/frettirotutgefidefni/frettir/nr/2237>

⁶ Sjá t.d. <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/>